

## AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald  
í þéttbýli í Sveitarféluginu Árborg, nr. 1375/2018.**

1. gr.

7. gr. samþykktarinnar orðast svo:

*Greiðsluskilmálar.*

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

- a. Gatnagerðargjald skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktar þessarar fellur í gjalddaga við úthlutun lóðar eða sölu byggingarréttar sem er í eigu sveitarfélagsins eða sveitarfélagið hefur ráðstöf-unarrétt á. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.
- b. Gatnagerðargjald skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. og 3. og 4. mgr. 4. gr. samþykktar þessarar fellur í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis. Eindagi er hinn sami og gjalddagi.
- c. Við útgáfu byggingarleyfis vegna framkvæmda sem falla undir 5. gr. en eru ekki undanþegnar gatnagerðargjaldi, skal gatnagerðargjald greitt við útgáfu byggingarleyfis. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Heimilt er ákveða, þegar um er að ræða viðamikil og áfangaskipt byggingarverkefni í sveitarféluginu eða sérstök rök mæla með því ella, að ákveða gjalddaga og eindaga gatnagerðargjalds með öðrum hætti en greinir í 1. mgr. eða að gjaldið skuli innheimt á fleiri en einum gjalddaga.

Af gjaldföllnu gatnagerðargjaldi skulu greiðast dráttarvextir, frá gjalddaga, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

2. gr.

Breytingin var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar 21. ágúst 2019, skv. heimild í 12. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og öðlast þegar gildi.

*F.h. Sveitarfélagsins Árborgar, 29. ágúst 2019,*

**Helga María Pálsdóttir** bæjarritari.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2019